



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2025
MSS25090066
EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 7.10.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um að bílastæði fylgi hverri íbúð í Reykjavík

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík verði endurskoðaðar með það að markmiði að við framtíðardeiliskipulagsvinnu og útgáfu byggingarleyfa í Reykjavík skuli að jafnaði vera heimilt að hafa eitt bílastæði með hverri íbúð í nýbyggingum, nema sérstakar skipulagslegar aðstæður kalli á annað.

Greinargerð fylgir tillögunni.

- Kl. 17:40 vikur Skúli Helgason af fundinum og Ellen Calmon tekur sæti.

Samþykkt að vísa tillögunni til umhverfis- og skipulagsráðs með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Framsókn gagnrýnir þá afgreiðslu málsins að vísa tillögunni til svæfingar í umhverfis- og skipulagsráði. Hver borgarfulltrúinn úr meirihlutanum á fætur öðrum kemur upp í umræðunni um tillöguna og talar gegn henni en meirihlutinn treystir sér ekki til að fella hana því Flokkur fólksins hefur talað fyrir því að breyta bílastæðareglunum. Flokkur fólksins lætur hér draga sig á asnaeyrunum. Réttast væri að samþykkja tillöguna strax enda er hún hófsöm, skynsöm og í takti við það sem íbúar og uppbyggingaraðilar hafa kallað eftir. Hinsvegar væri heiðarlegra gagnvart borgarbúum ef meirihlutinn felldi tillöguna strax enda er ljóst að meirihlutinn ætlar sér ekki að breyta reglunum.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.



Reykjavík